



Samtakamáttur

Formennskuáætlun Svía í Norrænu
ráðherranefndinni 2008

Samtakamáttur

Formennskuáætlun Svía í Norrænu
ráðherranefndinni 2008

ANP 2007:743

© Nordisk Ministerråd, København 2007

ISBN 978-92-893-1568-5

Prentun: Scanprint A/S, Árósum 2007

Hönnun: Kjell Olsson

Fjöldi eintaka: 500

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar
umhverfiskröfur og má merkja með svaninum,
norræna umhverfismerkinu.

Ritið má panta á www.norden.org/order

Fleiri rit eru á www.norden.org/publikationer

Printed in Denmark

Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18

DK-1255 København K

Sími (+45) 3396 0200

Bréfasími (+45) 3396 0202

Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18

DK-1255 København K

Sími (+45) 3396 0400

Bréfasími (+45) 3311 1870

www.norden.org

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu, sameiginlegri sögu og menningu og nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi.

Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlandanna í sterkri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmunni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlandanna og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Efnisyfirlit

- 7** Formáli
- 8** Norðurlandabjórnar
leggjast á eitt
- 13** Samkeppnishæfni
- 17** Loftslagsmál
- 21** Sköpunargáfa
- 25** Samhæfing



Formáli

Það er ýmislegt sem við Norðurlandabúar getum státað okkur af. Okkur hefur hlotnast sú gæfa að búa við efnahagslega velsæld og velferð. Hér er frjór jarðvegur fyrir nýsköpun, rannsóknir og atvinnulíf. Þá býr fólk í okkar heimshluta við lýðræði, frelsi og mannréttindi og jafnrétti er langt á veg komið.

En við eigum ekki aðeins ýmislegt sameiginlegt sem ástæða er til að státa sig af því við stöndum einnig frammi fyrir sams konar framtíðaráskorunum. Svíar gegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2008. Þá hyggjumst við taka höndum saman og takast á við verkefni sem blasa við okkur öllum, einnig á sviðum þar sem við teljum að Norðurlandþjóðunum sé akkur í að leiða saman hesta sína. Það átak felst í því að auka samkeppnishæfni Norðurlandanna í hnattvæddum heimi og leggjast á eitt um að sporna við útilokun á vinnumarkaði í löndunum. Það felst einnig í að vera meira samtaka þegar leitað er lausna á loftslagsvandunum og í samstarfi á sviði rannsókna og menningarmála. Síðast en ekki síst felst átakið í að brýna norrænt samstarf og gera það markvissara.

Við Norðurlandabúar eigum okkur langa hefð fyrir góðu samstarfi þar sem við tengjumst nýjum böndum og berum saman bækur okkar. Náið norrænt samstarf ristir djúpt meðal almennings og það hefur löngum verið styrkur okkar þegar við kveðjum okkur hljóðs á evrópskum eða alþjóðlegum vettvangi, ýmist saman eða hver þjóð fyrir sig. Við hlökkum til að leggjast á eitt með norrænum frændþjóðum okkar að halda áfram skilvirku og markvissu norrænu samstarfi á árinu 2008. Sagan hefur sýnt okkur að samstaðan gerir okkur kleift að takast á við sameiginleg vandamál og ná árangri. Við erum sannfærð um að áframhaldandi öflugt norrænt samstarf gagnar löndum okkar, íbúum og umheiminum öllum.


FREDRIK REINFELDT

Norðurlandapjóðirnar leggjast á eitt

Hagvöxtur á Norðurlöndum er meiri en í mörgum heimshlutum sem við berum okkur saman við, atvinnuleysi er lítið miðað við önnur Evrópuríki og opinberi geirinn er öflugur. Norðurlöndin koma iðulega vel út í alþjóðlegum úttektum þegar metnar eru framfarir á mikilvægum sviðum þjóðfélagsins – þar nægir að nefna fjárfestingarumhverfi, upplýsingatækni, rannsóknir og menntamál. Sterk samkennd þjóðanna auðveldar okkur að leggjast á eitt þegar tekist er á við ögranir sem þjóðfélög okkar standa frammi fyrir.

Alþjóðleg samkeppni fer síharðnandi og því verðum við að auka samkeppnishæfni okkar eigi okkur að takast að viðhalda og auka þá velsæld sem okkur hefur tekist að skapa. Loftslagsbreytingarnar eru til marks um að við verðum að huga betur að umhverfismálum og aðlaga þjóðfélög okkar að nýjum aðstæðum. Við viljum geta varðveitt sérstöðu okkar um leið og við tökum við áhrifum að utan. Á fundi sínum í júní 2007 samþykktu forsætisráðherrar Norðurlandanna nýjar áherslu í auknu norrænu samstarfi að málefnum sem tengjast hnattvæðingunni. Svíar hyggjast hefja raunhæfar aðgerðir á þessu sviði á formennskuárinu.

Norðurlandapjóðunum er akkur í að þróa samstarf um Eystrasalt, til dæmis varðandi samkeppnishæfni og í umhverfismálum. Þetta á bæði við innan vébanda ESB og í samskiptum ESB og Rússlands en þó einkum í norrænu-baltnesku samstarfi hinna átta ESB/EES-ríkja. Þannig tekst að skapa öflugan vettvang þar sem tekist er á við áskoranir hnattvæðingarinnar. Þá er brýnt að þróa samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Norðvestur-Rússland og önnur grannsvæði Norðurlanda.

Norrænt samstarf til þess að koma í veg fyrir útilokun hópa og einstaklinga frá virkri þátttöku í þjóðfélaginu, menntun, á húsnæðismarkaði og ekki síst vinnumarkaði, nýtur forgangs á formennskuári Svía. Á öllum Norðurlöndunum er lögð mikil áhersla á að skapa þjóðfélag þar sem karlar og konur hafa jafna möguleika í atvinnulífi og einkalífi. Því er sjálfsagt að starfa áfram að samþættingu jafnréttis-



sjónarmiða í norrænu samstarfi. Annað mikilvægt samstarfssvið varðar málefni barna og ungmenna.

Forgangsverkefni

Formennskuáætluninni er skipt efnislega í fjóra kafla með fyrirsögnunum Samkeppnishæfni, Loftslagsmál, Sköpunargáfa og Samhæfing. Í hverjum kafla er greint frá meginmarkmiðum og fyrirhuguðum aðgerðum. Þá er gerð nánari grein fyrir forgangsverkefnum viðeigandi ráðherranefndar í framkvæmdaáætlunum á hverju samstarfssviði.

Samkeppnishæfni

Á formennskuári Svía er markmiðið að styrkja stöðu landa okkar í harðnandi alþjóðasamkeppni. Fylgja þarf eftir frumkvæði forsætisráðherranna að nánara norrænu samstarfi um málefni sem tengjast hnattvæðingunni. Hafist verður handa til þess að kynna Norðurlöndin sem eitt svæði. Efla ber samstarf, til dæmis um hagnýtar rannsóknir og litlar framleiðslueiningar. Þá verður í samstarfinu lögð mikil áhersla á að fjarlægja landamærahindranir á Norðurlöndunum. Í menntamálum ber að efla samstarf sem leiðir til aukinna gæða menntunar.

Loftslagsmál

Loftslagsbreytingar hafa verið ofarlega á baugi að undanfögnu og sýna þær að þörf er á að skapa sjálfbært þjóðfélag. Norðurlönd hafa alla burði til þess að vera öðrum fyrirmynd í loftslagsmálum. Árið 2008 munum við einbeita okkur að loftslagsmálum og sameiginlegum undirbúningi og aðgerðum Norðurlandanna fyrir alþjóðlega loftslagssamninginn 2009. Stuðlað verður að norrænu samstarfi til þess að styðja aðgerðir í loftslagsmálum í þróunarlöndunum og á efnahagslegum vaxtarsvæðum

Sköpunargáfa

Árangur á sviði menntamála, rannsókna og menningarmála skipar öndvegissess í norrænu samstarfi. Hvatt verður til framtakssemi og skapandi rannsóknahverfis með styrkjum. Norðurlandapjóðirnar

hafa vakið athygli um allan heim á ýmsum menningarsviðum, t.d. kvikmyndum, hönnun, tónlist og barnamenningu. Skólinn gegnir því mikilvæga hlutverki að örva sköpunargáfu barna og ungmenna, á því sviði er þjóðunum akkur í að bera saman bækur sínar og reynslu.

Samhæfing

Eigi norrænt samstarf að vera skilvirkt þarf það að tengjast Evrópusamstarfi. Þá er mikilvægt að Norræna ráðherranefndin þrói samstarf við ýmis svæðasamtök, þar á meðal Barentsráð, Eystrasaltsráð og Norðurskautsráð og skýra þarf hlutverk og ábyrgðarsvið hvers aðila fyrir sig. Þá verður gerð úttekt á hlutverki Norrænu ráðherranefndarinnar í endurnýjuðu Eystrasaltssamstarfi. 2008 verða settar nýjar starfsreglur í samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar við Norðvestur-Rússland og Eystrasaltsríkin. Tekin verður ákvörðun um nýja samstarfsáætlun fyrir aðgerðir á Norðurskauti á tímabilinu 2009–2012.

Þá er brýn þörf á að samhæfa starfsemi norrænna stofnana og stofnana í löndunum og koma á nánara samstarfi yfirvalda ríkjanna.

Á formennskuári Svía verður áfram unnið að verkefnum sem ýtt var úr vör í formennskutíð annarra þjóða. Þar ber einkum að nefna breytingar og nútímavæðingu á norrænu samstarfi, ekki síst hjá stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar sem og öðrum stofnunum. Ljúka þarf samþættingu jafnréttissjónarmiða hjá Norrænu ráðherranefndinni, einnig framkvæmdaáætluninni Hönnun fyrir alla en markmið hennar er að auka aðgengi fatlaðra að þjóðfélaginu. Þá verður norræna stefnumótunin um sjálfbæra þróun endurskoðuð á árinu.

Svíar munu á formennskuárinu leitast eftir reglubundnu samráði við þingfulltrúa í Norðurlandaráði og Finna en þeir gegna formennsku í ráðinu 2008.

Norrænt samstarf sækir að miklu leyti styrk sinn í djúpar rætur meðal almennings og sameiginlegar hefðir fyrir opnu og lýðræðislegu þjóðfélagi. Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök, ekki síst Norrænu félögin er því mjög mikilvægt.

Nánari upplýsingar um formennskuáætlun Svía á vefslóðinni:
www.Norden2008.se



Samkeppnishæfni

Hnattvæðing heimsbúskaparsins verður æ hraðari og afleiðingar hennar koma æ skýrar í ljós. Norðurlandapjóðirnar eru vel í stakk búnar til þess að mæta hnattvæðingunni, en við þurfum að efla samstarf okkar og standa vörð um styrk Norðurlandanna.

Svíar munu á formennskuárinu beita sér fyrir auknu samstarfi um hnattvæðingarmál en forsætisráðherrar landanna tóku frumkvæði þar að lútandi á fundi sínum í júní 2007. Leiðtogafundur verður haldinn á vordögum 2008 þar sem fulltrúum yfirvalda, atvinnulífs, háskóla- og rannsóknageira og félagasamtaka á Norðurlöndum verður boðið til þess að ræða áhrif hnattvæðingar á Norðurlöndin.

Til þess að auka samkeppnishæfni í löndum okkar er mikilvægt að gera gangskör að því að afnema landamærahindranir á milli þeirra. Hindranir þessar torvela fólki sem fer daglega á milli landa, en einnig þeim sem hyggjast dvelja í norrænu grannríki til lengri eða skemmri tíma til þess að starfa, stunda nám eða af öðrum ástæðum. Þá er ekki síður mikilvægt að fjarlægja landamærahindranir í atvinnulífi og fyrir neytendur. SOLVIT-úrlausnarkerfið hefur gefið góða raun en það er tengslanet yfirvalda og annarra hagsmunaaðila í Evrópu til þess að aðstoða fyrirtæki og einstaklinga sem dottið hafa milli skips og bryggju vegna mismunandi reglugerða í ríkjunum.

Eigi lönd okkar að geta látið að sér kveða í alþjóðlegri samkeppni er nauðsynlegt að nægt framboð sé á vel menntuðu og hæfu vinnuafli. Svíar leggja áherslu á norrænt samstarf um málefni sem varða gæði menntunar.

Lýðfræðileg þróun bendir til þess að hlutfall vinnufærra karla og kvenna þurfi að aukast. Meðal annars er mikilvægt að auðvelða ungmennum og innflytjendum að fóta sig á vinnumarkaði. Því verður á árinu lögð áhersla á starf sem miðar að því að koma í veg fyrir útilokun.

Undir formennsku Svía verður litið á gæði starfsmenntunar og hvernig starfa megi saman að viðurkenningu starfsréttinda til þess að auka hreyfingu iðnlærðra á milli landanna.

Á Norðurlöndunum höfum við skapað félagsleg öryggisnet sem að mörgu leyti eru svipuð en ólík að öðru leyti. Traustar almannatryggingar á Norðurlöndunum styrkja stöðu okkar í alþjóðlegri samkeppni. Okkar bíða þó óleyst verkefni, meðal annars vegna þess að hlutfall eldri borgara eykst stöðugt. 2007 var gerð könnun á áhrifum norræna velferðarlíkansins á atvinnuþátttöku. Þeirri könnun verður fylgt eftir undir formennsku Svía.

Nægt framboð á hæfu vinnuaflí á öllum Norðurlöndum styrkir samkeppnisstöðu okkar. Því er mikilvægt að koma á markvissu samstarfi norrænu ríkjanna og Eystrasaltsríkjanna þegar það á við, til viðbótar aðgerðum í löndunum sjálfum og skapa þannig möguleika á skilvirku og sjálfbæru vinnuþættum. Betra aðgengi að vinnuþættum, meðal annars með stækkun svæða og aukinni notkun upplýsingatækni, hefur úrslitagildi fyrir samkeppnisstöðu fyrirtækja og landssvæða á alþjóðamarkaði.

Undir formennsku Svía verður unnið að því að efla samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við landamærasvæðin. Bæta þarf og þróa hagfélur frá fleiri löndum í senn og greiningu á þeim. Áhersla verður lögð á að kynna og efla það starf sem unnið er á landamærasvæðunum til þess að afnema landamærahindranir.

Rannsóknir og nýsköpun eru mikilvægir þættir sem treysta alþjóðlega samkeppnishæfni Norðurlanda. Áframhaldandi þróun á norrænum rannsókn- og nýsköpunarsvæðum styrkir stöðu Norðurlandanna á sviði rannsókna og nýsköpunar í Evrópu. Undir formennsku Svía verður lögð áhersla á aðgerðir til þess að efla nýsköpunarumhverfi og klasafyrirtæki.

Fylgt verður eftir könnun á norrænu samstarfi á sviði áhættufjárfestinga.

Brýnt er að þróa norrænan raforkumarkað enn frekar. Markmiðið er að skapa skilvirkan og sjálfbæran raforkumarkað án landamæra þar sem samkeppni ríkir.

Ferðamannþjónusta er í örur vexti og þar hafa Norðurlöndin upp á margt að bjóða. Þörf er á markvissu samstarfi þjóðanna á ýmsum erlendum mörkuðum til þess að efla samkeppnisstöðu þeirra. Því er brýnt að örva og efla samstarf á sviði ferðamála.

Markmið verkefnisins Ný norræn matvæli er að styðja við jákvæða þróun á ýmsum sviðum sem tengjast matvælum, þar á meðal matargerðarlist, ferðaþjónustu, byggðaþróun og holla fæðu. Svíar hyggjast sinna þessu verkefni á margvíslegan hátt árið 2008.

Norðurlandþjóðirnar hafa að mörgu leyti náð langt í viðleitni sinni til þess að skapa jafnréttisþjóðfélag og hefur það einnig haft jákvæð áhrif á efnahagsþróun og samkeppnishæfni í löndunum. Samstarf í jafnréttismálum mun áfram njóta mikils forgangs.

VERK AÐ VINNA 2008

- Fylgja eftir frumkvæði norrænu forsætisráðherranna í júní 2007 að norrænu samstarfi á sviði hnattvæðingar.
- Halda fyrsta norræna stórfundinn um hnattvæðingu með fulltrúum stjórn mála, atvinnulífs og félagasamtaka.
- Fylgja eftir nýjum aðgerðum Norræna fjárfestingarbankans varðandi samkeppnishæfni Eystrasaltsríkjanna og umhverfi hafsins í Eystrasalti.
- Halda málþing um norrænan raforkumarkað.
- Stuðla að aukinni samhæfingu og upplýsingamiðlun milli landamærasvæða.
- Taka ákvörðun um endurskoðaða samstarfsáætlun í byggðamálum fyrir tímabilið 2009–2012.
- Efla samstarf norrænna aðila og í löndunum sem fara með málefni ferðaþjónustu til þess að vekja athygli á Norðurlöndunum sem áfangastað ferðamanna.
- Halda ráðstefnu um frumkvöðla sem drifkraft í Evrópu, þar sem fjallað verður um landamærahindranir, samstarf landamærasvæða, einföldun reglugerða og ferðaþjónustu.
- Standa fyrir málþingi og öðrum aðgerðum á vegum verkefnisins Ný norræn matvæli.
- Halda málþing um samkeppnishæft atvinnulíf á landsbyggðinni.



Loftslagsmál

Loftslagsbreytingar verða æ meira áberandi og ljóst er að þörf er á að stuðla að sjálfbæru þjóðfélagi. Norðurlöndin eru í fararbroddi þegar hugað er að umhverfismálum og leitað ýmissa lausna. Svíar munu á formennskuárinu einbeita sér að umhverfis- og loftslagsmálum og hefja norrænar aðgerðir til þess að stuðla að jákvæðri þróun, til dæmis með því að leggjast á eitt um að ná markmiðum ESB í loftslagsmálum. Samnorrænar stofnanir sem starfa að umhverfismálum, til dæmis Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) og Norræni umhverfis-sjóðurinn (NEFCO) gegna þar þýðingarmiklu hlutverki.

Loftslagsmál eru í eðli sínu hnattræn. Þar nægja engan veginn aðgerðir innanlands eða á norrænum vettvangi til þess að sporna við loftslagsbreytingum. Breitt og víðtækt alþjóðasamstarf þarf til þess að stemma stigu við loftslagsvandannum. Svíar munu beita sér fyrir því að Norðurlöndin starfi saman að undirbúningi og aðgerðum fyrir alþjóðlegan loftslagsáttmálann 2009.

Norðurlönd eru vel í stakk búin til þess að gegna mikilvægu hlutverki við áframhaldandi alþjóðlegar aðgerðir í loftslagsmálum eftir 2012, en þá rennur Kyoto-bókunin út. Löndin geta unnið saman að því að finna skilvirkari stjórnunartæki og þróa tæknilausnir. Þá getum við skapað víðtækan skilning á áhrifum loftslagsbreytinga á umhverfið og þjóðfélagið.

Formennskuár Svía í Norrænu ráherranefndinni er samtímis Alþjóðlega heimskautaárinu 2007–2008, skammstafað IPY. Heimskautarannsóknir eru í eðli sínu alþjóðlegar og þær eru mikilvægar fyrir skilning fólks á ástandi andrúmsloftsins um allan heim. Svíar hyggjast á formennskuárinu efla norrænt samstarf um heimskautarannsóknir með því að auka norrænt samstarf að Alþjóðlega heimskautaárinu loknu.

Ein forsenda þess að takast megi að skapa sjálfbært þjóðfélag er að dregið verði úr framleiðslu og notkun jarðefniseldsneytis. Svíar hyggjast taka frumkvæði að því að norræn þekkingarmiðlun verði

aukin sem og samstarf um áhrif skóga og landbúnaðar á skilvirka og aukna líforkuframleiðslu.

Loftslagsbreytingar kalla á breytingar í landbúnaði. Á formennskuárinu hefjast Svíar handa við að þróa norrænt samstarf um efni í skógrækt og önnur málefni tengd skógrækt og landbúnaði í breyttu andrúmslofti. 2008 verður einnig tekist á við málefni sem varða menningarumhverfi og menningarlandslag í ljósi loftslagsbreytinga.

Norrænt samstarf í orkumálum byggir á framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2006–2009. Í áætluninni er lögð áhersla á þrjá málaflokka; orkumarkað, sjálfbærar orkuveitur og hlutverk Norðurlandanna í alþjóðasamstarfi. Innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar verður lögð áhersla á þróun norræna raforkumarkaðarins, þátt orkugeirans í því að draga úr áhrifum á umhverfið og samstarf um ESB-málefni sem eru í brennidepli. 2008 verður hafinn undirbúningur að nýrri norrænni samstarfsáætlun í orkumálum fyrir tímabilið 2010–2013. Ákvörðun verður tekin 2009.

Norrænt samstarf í umhverfismálum hefur löngum byggt á framkvæmdaáætlun í umhverfismálum. Þar sem núgildandi áætlun rennur út í árslok 2008 mun undirbúningur að nýrri norrænni samstarfsáætlun í umhverfismálum fyrir tímabilið 2009–2012 fara fram undir formennsku Svía.

Þá munu Svíar vekja máls á því hvað Norðurlöndin geta lagt af mörkum til þess að styðja þróunarríkin í viðleitni þeirra til þess að aðlaga samfélög sín að loftslagsbreytingunum þannig að þróunin bitni ekki á loftslaginu.

VERK AÐ VINNA 2008

- Ákvörðun um nýja norræna samstarfsáætlun í umhverfismálum fyrir tímabilið 2009–2012.
- Hefja undirbúning að nýrri norrænni samstarfsáætlun í orkumálum fyrir tímabilið 2010–2013.
- Halda málþing um vindorku.
- Halda fund með stofnunum sem styðja heimskautarannsóknir á Norðurlöndunum með því markmiði að efla norrænt samstarf þegar Alþjóðlega heimskautaárinu lýkur.
- Halda norræna ráðstefnu um loftslagsmál í tengslum við menningarlandslag og menningarumhverfi.
- Halda ráðstefnu um afleiðingar loftslagsbreytinga fyrir skóga.



Sköpunargáfa

Sköpunargáfan er einkennandi fyrir mörg helstu svið í norrænu samstarfi; menningarmál, menntamál, rannsóknir og nýsköpun og barna- og æskulýðsmál svo eitthvað sé nefnt. Norræn mennta- og menningarsamskipti gegna veigamiklu hlutverki til þess að auka gagnkvæma þekkingu og samhug þjóðanna. Norrænt samstarf á sviði menntunar, rannsókna og menningarmála hefur tekið miklum stakkaskiptum á síðari árum. Svíar munu á formennskuárinu knýja þetta mikilvæga ferli áfram til þess að samstarfið verði enn skilvirkara og sýnilegra.

Á sviði menningar og fjölmiðla er lögð áhersla á norrænt samstarf sem örvar sköpunargáfu barna og ungmenna, á fjölmiðlamál sem snerta börn og ungmenni og fjárhagsleg kjör í skapandi iðnaði.

Réttur barna og ungmenna til fullrar þátttöku í menningarlífi, á tjáningarfrelsi og eigin sköpun kemur fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er einn hornsteinn samstarfsáætlunar um málefni barna og ungmenna. Í mörgum skólum á Norðurlöndum er unnið að því að gera skapandi starf að hluta námsins og mikill áhugi er á þessum málum á Norðurlöndum.

Stór hluti sköpunar og skapandi tjáningar barna og ungmenna fer fram í frístundum, með aðstoð nýrra fjölmiðla og stafrænnar tækni þar sem fullorðnir koma hvergi nærri. Áskorunin felst í að virða rétt barna til sköpunar, tjáningar- og upplýsingafrelsis um leið og þau eru varin gegn ýmsum skaðlegum upplýsingum og efni. Það er til mikils að vinna ef Norðurlandþjóðirnar leggja aukna áherslu á að bera saman reynslu sína af þessum málum.

Nú er mikið rætt um hlutverk skapandi iðnaðar í hagvexti og atvinnusköpun, bæði í löndunum og á vettvangi ESB. Norðurlöndin eiga að geta starfað meira saman að þessum málum, ekki síst í ljósi aukins norræns samstarf að málefnum sem tengjast hnattvæðingunni. Svíar munu hvetja til norræns samstarfs um ýmsar hliðar á fjárhags-

umhverfi skapandi iðnaðar. Þar á meðal verður fjármögnun á menningarlífi framtíðarinnar skoðuð.

Jafnrétti í námi er mjög mikilvægt. Á öllum Norðurlöndum kemur skýrlega í ljós að námsárangur og framgangur er mun síðri meðal drengja en stúlkna og kynjamunurinn eykst með tímanum. Þrátt fyrir að konur séu vel menntaðar getur þeim reynst erfitt að ná tilhlýðilegum starfsframa. Þessi mál verða skoðuð á árinu.

Eigi iðnrekendum að fjölga og fyrirtæki að vaxa er nauðsynlegt að fjárfesta í frumkvöðlastarfi. Ein leið er að kveikja áhuga skólanema á frumkvöðlastarfi og auka fræðslu meðal ungs fólks á þessum málum. Í formenskutíð Svía verður lögð áhersla á að auka miðlun norrænnar reynslu af frumkvöðlastarfi í kennslu og kanna samstarfs-tækifæri.

Mörg tungumál á Norðurlöndum eru náskyld en þar ríkir líka mikill fjölbreytileiki. Mikilvægt er að standa vörð um þá meginreglu að samskipti í opinberu norrænu samstarfi fari aðallega fram á skandinavísku tungumálunum, þótt finnska og íslenska haldi sterkri stöðu sinni. Norrænt samstarf hefur með áætlunum og aðgerðum stuðlað að því að efla fámenn tungumálasamfélög á Norðurlöndum. Menntamálaráðherrar Norðurlandanna samþykktu yfirlýsingu um norræna tungumálastefnu 2006 og lögðu þar með grunn að samfelldum og skilvirkum aðgerðum til lengri tíma. Hugað verður að norrænum tungumálum á árinu.

VERK AÐ VINNA 2008

- Halda ráðstefnu um menningu í skólum.
- Skiptast á reynslu af frumkvöðlamenntun á Norðurlöndum.
- Halda norrænt málþing um kyn, árangur af menntun og vinnumarkað frá sjónarhorni símenntunar.
- Halda ráðstefnu um fjölmiðlanotkun og neysluvenjur ungmenna.
- Fylgja eftir yfirlýsingu menntamálaráðherranna um norræna tungumálastefnu.







Samhæfing

Norðurlöndin hafa valið mismunandi leiðir í Evrópusamstarfi og gagnvart ESB. Öll Norðurlöndin að Færeyjum og Grænlandi undanskildum eru aðilar að ESB/EES og innri markaði Evrópu. Ákvarðanir sem teknar eru í ESB hafa áhrif á daglegt líf allra Norðurlandabúa. Því er bæði nauðsynlegt og nærtækt að beina sjónum að hlutverki og tækifærum norræns samstarf í breiðu evrópsku samhengi. Svíar munu í formennskutíð sinni aðlaga og samhæfa Norrænu ráðherranefndina að starfi landanna á vettvangi ESB. Á sumum sviðum er jafnvel ástæða til að skoða þessi mál frá norrænu-baltnesku sjónarhorni. Mörg forgangsverkefni á formennskuári Svía í Norrænu ráðherranefndinni 2008 verða einnig ofarlega á baugi undir formennsku þeirra í ESB seinni hluta árs 2009.

Próunin á Norðurskauti hefur áhrif um allan heim, ekki síst annars staðar í Evrópu. Öll Norðurlöndin eru tengd Norðurskauti. Norrænt samstarf gerir okkur vel í stakk búin til þess að vekja máls á málefnum Norðurskauts, meðal annars á vettvangi ESB.

Í dag starfa ýmis fjölþjóðleg svæðasamtök í okkar hluta álfunnar. Brýnt er að finna viðeigandi samstarfshætti og skipta með sér verkum til þess að tryggja eins mikla skilvirkni og kostur er í starfi landanna og koma í veg fyrir tvíverknað. Auk þess að gegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2008 munu Svíar leiða fundi norrænu forsætis- og utanríkisráðherranna (N5). Eistar gegna formennsku á tilsvarendi fundum í norræna-baltneska hópnum (NB8). Svíar leggja mikla þýðingu í samstarf innan vébanda N5 og NB8. Þá fer fram

margvíslegt samstarf NB8 á öðrum sviðum, bæði ráðherra og embættismanna, löndum okkar allra til heilla.

Landfræðilegar aðstæður á Vestur-Norðurlöndum kalla á samstarf, meðal annars í atvinnulífi. Hvetja ber til samskipta og tengslaneta við aðra aðila en norræna sem liggja að Norður-Atlantshafi.

Eftir stækkun ESB eru ýmsar aðlögunarreglur nú gengnar úr gildi og gripið hefur verið til ýmissa aðgerða í atvinnulífi. Nú má segja að nýr kafli sé hafinn í norrænu samstarfi við Eistland, Lettland og Litháen þar sem lögð er meiri áhersla á stefnumótandi svið. Víðtækt samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Norðvestur-Rússland er mikilvægur þáttur í starfsemi og fjárlögum ráðherranefndarinnar. Norræna ráðherranefndin hefur í nokkur ár styrkt starfsemi hvít-rússneska háskólans EHU í Vilníus. Ákvarðanir verða teknar árið 2008 um nýjar framkvæmdaáætlanir í samstarfi við Eystrasaltsríkin annars vegar og Norðvestur-Rússland hins vegar frá og með 2009.

2008 verður gerð úttekt á starfsemi upplýsingaskrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi og tekin ákvörðun um starfsemi þeirra frá og með 2009.

Þegar löggjöf norrænu ríkjanna er aðlöguð reglugerðum ESB og EES, er mikilvægt að tryggja og varðveita vissa samræmingu milli réttarkerfa á Norðurlöndunum. Í þessu skyni hefur farið fram skilvirkt löggjafarsamstarf dómsmálaráðuneyta landanna um árabil. Leggja þarf enn meiri áherslu á þetta samstarf og gera það víðtækara undir formennsku Svía. Í viðræðum er ástæða til að beina sjónum að aukinni samhæfingu og upplýsingaskiptum.

Gripið verður til aðgerða til þess að auka réttindi barna í samstarfi við Evrópuráðið, en þar gegna Svíar formennsku á tímabilinu maí–nóvember 2008. Þegar Svíar gegna formennsku samtímis í Norrænu ráðherranefndinni og Evrópuráðinu munu þeir beita sér fyrir því að þróa samstarf á báðum vígstöðvum, bæði í jafnréttismálum og málefnum fatlaðra.

Eystrasaltsráðið (CBSS) ákvað á utanríkisráðherrafundi í Málmeý í júní 2007 að gera breytingar á ráðinu. Utanríkisráðherrarnir fögnuðu stefnu ESB á svæðunum við Eystrasalt. Það er mikilvægt að Eystrasaltsstefnan sé í samræmi við áherslur Norrænu ráðherranefndarinnar. Í því sambandi er brýnt að beina sjónum að ástandi hafsins í Eystrasalti.

Leitast er við að samhæfa aðferðir og aðgerðir Norðurlandanna í starfi sem nú lagt í ESB-reglur um markaðseftirlit. Ný vélatilskipun ESB felur í sér meira en 600 evrópska staðla sem þarf að fara yfir.



Norðurlandþjóðirnar líta á þessi mál sömu augum. Ef við samstillum aðgerðir og skiptum með okkur verkum auðveldar það okkur að veita sjónarmiðum Norðurlandanna brautargengi. Mikilvægt norrænt samstarf á svipuðum nótum fer fram á sviði staðla og neytendaöryggis.

Svíar munu skoða hlutverk alþjóðlegra fjármálastofnana á formennskuárinu. Margar þeirra gegna mikilvægu hlutverki á svæðunum við Eystrasalt og grannsvæðum þeirra og ráða yfir miklu fjármagni. Svíar munu á formennskuárinu vinna að stefnumótun í þá átt að Norðurlöndin geti betur þjónað norrænum hagsmunum innan alþjóðlegra fjármálastofnana. Markmiðið er fyrst og fremst að örva vöxt og atvinnutækifæri í samræmi við sjálfbæra þróun við Eystrasalt og í grannríkjum þeirra.

Þá er brýnt að samhæfa starfsemi norrænna stofnana og yfirvalda og stofnana í löndunum. Eins er þörf á að auka samstarf yfirvalda í norrænu löndunum. Til dæmis er mikilvægt að einstaklingar þekki réttindi sín og skyldur þegar þeir dveljast í lengri eða skemmri tíma við störf í norrænu grannríki. Eitt skref í þessu ferli er að koma á fót norrænni almannatryggingagátt. Gert er ráð fyrir að því verki ljúki í júní 2008.

Á löggjafarsviði er lögð mikil áhersla á að einfalda samstarf á sviði refsilaga og löggjafar og gera það skilvirkara. Því hafa norrænu dómsmálaráðherrarnir látið kanna þörf á og forsendur fyrir nánara samstarfi lögreglu- og ákærufirvalda landanna við rannsókn og dómsmeðferð afbrota. Niðurstöður úttektarinnar munu liggja fyrir 2008 og verður því fylgt eftir undir formennsku Svía.

Lögreglan á Norðurlöndum á að geta starfað saman að fleiri verkefnum en rannsókn afbrota. Ekki síst á landamærasvæðum ætti lögreglustarfsfólk frá grannríkjum að geta starfað saman og þannig auðveldað forvarnir og rannsóknir á glæpum. Svíar munu á formennskuárinu taka frumkvæði að því að líta nánar á þessi mál.

Norðurlöndin hafa náð langt miðað við mörg önnur ríki heims á ýmsum sviðum sem varða jafnrétti og þjóðfélagsþátttöku fatlaðra. Þó er margt óunnið í þeim efnum. Svíar munu á formennskuárinu auka samhæfingu milli helstu stofnana og aðila í löndunum á sviði fötlunarmála. Í baráttunni gegn útilokun er brýnt að líta á aðstæður fatlaðra á vinnumarkaði.

VERK AÐ VINNA 2008

- Halda ráðstefnu um málefni Norðurskauts, meðal annars frá sjónarhorni ESB.
- Taka ákvörðun um nýja framkvæmdaáætlun í Norðurskautsmálum fyrir tímabilið 2009–2012.
- Móta stefnu til þess að efla stöðu Norðurlandanna innan alþjóðlegra fjármálastofnana sem starfa á svæðunum við Eystrasalt.
- Taka ákvörðun um nýja stefnumótun í samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar við Eistland, Lettland og Litháen annars vegar og Rússland hins vegar.
- Taka ákvörðun um áherslur í framtíðarstarfsemi upplýsingaskrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Rússlandi.
- Halda tvö málþing í samstarfi við Evrópuráðið, um þátttöku og áhrif barna í þjóðfélaginu, og um ofbeldi og önnur brot á börnum. Málþingin verði liður í undirbúningi að nýrri áætlun Evrópuráðsins um réttindi barna.
- Halda ráðstefnu í samstarfi við Evrópuráðið þar sem ræddar verða framkvæmdaáætlanir og stefna í málefnum fatlaðra út frá Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra.
- Ráðstefna og borin saman reynsla af skipulagi á skilvirkum vinnumarkaðs- og velferðarstofnunum.
- Sinna fræðslu um samþættingu jafnréttissjónarmiða fyrir formenn embættismannanefnda og starfsfólk skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.
- Þróa samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við svæðasamtökin Eystrasaltsráð, Barentsráð og Norðurskautsráð.

Ljósmyndir kápa: © Moodboard (forsíða), Per-Erik Adamsson/Greatshots (innri opna).

Bls. 6: Frederic Cirou/PhotoAlto; bls. 9, 12: Ingram; bls. 16: Copyright/ljósmynd Johan Ylitalo/Image Bank Sweden;
bls. 20: Copyright/ljósmynd Theresia Parsby /Image Bank Sweden; bls. 24: Copyright Rubberball; bls. 28: óþekktur.